



Til allra sveitarfélaga

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 15. október 2020
Tilv.: SRN20100044/4.11.0

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu hafa borist fyrirspurnir og formleg erindi frá sveitarfélögum þar sem lagt er til að frestir sveitarfélaga til að leggja fram og afgreiða fjárhagsáætlanir, sem kveðið er á um í sveitarstjórnarlögum, verði lengdir, með vísan til þeirrar óvissu sem sveitarfélög standa frammi fyrir vegna Covid-19 faraldursins. Auk þess hefur Samband íslenskra sveitarfélaga tekið undir nauðsyn þess að öllum sveitarfélögum verði veittir slíkir frestir.

Kveðið er á um þær dagsetningar sem fjárhagsáætlanir sveitarfélaga skulu lagðar fram og afgreiddar í 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Þar segir að byggðarráð eða framkvæmdarstjóri leggi fram tillögu um fjárhagsáætlun eigi síðar en 1. nóvember. Sveitarstjórn skal fjalla um þær á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili og að lokinni umræðu skal afgreiða þær eigi síðar en 15. desember. Samkvæmt lokamálslið ákvæðisins getur ráðherra að ósk sveitarstjórnar veitt henni lengri tíma til afgreiðslu fjárhagsáætlunar ef brýn nauðsyn krefur, en af lögskýringargögnum með frumvarpi til sveitarstjórnarlaga má ráða að ákvæðið taki bæði til frests til framlagningar og afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

Ljóst er að þær efnahagslegu aðstæður sem skapast hafa vegna Covid-19 faraldursins fela í sér miklar áskoranir við undirbúning og framsetningu fjárhagsáætlana sveitarfélaga vegna ársins 2021. Þá munu ýmsar forsendur sem liggja að baki fjárhagsáætlana sveitarfélaga koma fram seinna en áður, svo sem þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Að mati ráðuneytisins eru því veigamikil rök fyrir því að veita öllum sveitarfélögum frest til framlagningar og afgreiðslu fjárhagsáætlana sé þess óskað á grundvelli 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vill ráðuneytið því koma því á framfæri að sé þess óskað mun ráðuneytið veita eftirfarandi fresti:


1. Byggðarráð eða framkvæmdarstjóri, eftir því sem ákveðið er í samþykkt sveitarfélags, getur lagt fram tillögu að fjárhagsáætlun eigi síðar en **1. desember 2020**.
2. Að lokinni umfjöllun sveitarstjórnar getur afgreiðsla fjárhagsáætlunar farið fram eigi síðar en **31. desember 2020**.

Tekið skal fram að framangreindir frestir ráðuneytisins geta ekki tekið til þeirra lögákveðnu dagsetninga sem fjallað er um í 1. mgr. og 2. mgr. 22. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, sem varða ákvörðun sveitarfélaga um álagningu útsvars. Skal slíkt gert eigi síðar en 1. desember og ber sveitarfélögum að senda tilkynningu þess efnis til fjármálaráðuneytisins eigi síðar en 15. desember. Einnig felur veittur frestur ekki í sér að sveitarfélögum verði heimilt að víkja frá þeim fyrirætlum sveitarstjórnarlaga sem mæla fyrir um að fjallað skuli um fjárhagsáætlun á tveimur

fundum með tveggja vikna millibili.

Jafnframt skal tekið fram að forsenda fyrir að ráðuneytið veiti umrædda fresti til framlagningar og afgreiðslu fjárhagsáætlunar, er að sveitarstjórn eða byggðarráð hvers sveitarfélags fyrir sig samþykki að óska eftir slíkum frestum, sbr. orðalag 3. málsl. 3. mgr. 62. gr. og 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga, en hægt er að beina beiðni um frest í netfangið srn@srn.is.

Fyrir hönd ráðherra



Hermann Sæmundsson



Stefanía Traustadóttir